

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Miðholt 24 og 37, Reykholti.

Breytingin felur í sér að í stað byggingar einbýlishúsa (E3) verði heimilt að byggja þriggja íbúða raðhús (R) á hvorri lóð. Breytingin tekur til kafla 4.1.1 og kafla 4.1.2.

Aðrir skilmálar halda sér í gildandi skipulagi sem öðlaðist gildi 24. maí 2019.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. nóvember 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. desember 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.